

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag athafnasvæðis á Þórshöfn, Langanesbyggð.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkti deiliskipulag athafnasvæðis á Þórshöfn á fundi sínum þann 26. september 2019.

Deiliskipulagssvæðið er 5 ha að stærð og er núverandi athafnasvæði og nærumhverfi þess norðan við byggðina á Þórshöfn. Helstu viðfangsefni deiliskipulagsins er skilgreining á lóðamörkum og afmörkun byggingarreita.

Í skipulaginu eru skilgreindar nýjar athafnalóðir við Langholt. Deiliskipulagið er sett fram á uppdrætti með greinargerð dags. 6. maí 2019 (með breytingu 23. september).

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 40., 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Með gildistöku skipulagsins fellur úr gildi eldra deiliskipulag Stórhólts og Háholts.

*Langanesbyggð, 31. október 2019.*

**Elías Pétursson** sveitarstjóri.